

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. september 2005 - 239. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Ekki farið eftir settum reglum

Knattspyrnufélög á Íslandi virða settar reglugerðir KSÍ um félagaskipti að vettugi og víla ekki fyrir sér að koma sér í samband við áhugaverða leikmenn þrátt fyrir að þau megi það ekki. Pálmi Rafn Pálmason hjá KA er nýjasta dæmið.



ÍPRÓTTIR 20

Um veiðimennsku

Hví ekki að hugsa dæmið alveg upp á nýtt, snúa því við og láta menn hreinlega borga fyrir að skjóta mink og tófu? spyr Guðmundur Andri Thorsson.



Í DAG 22


Bessi Bjarnason er 75 ára

Segja má að heil kynslóð hafi alist upp við söng og leik Bessa, sem nánast bar uppi barnaleiksyningar á landinu í fjölmörg ár.



TÍMAMÓT 30

VEÐRIÐ Í DAG



AUSTRÆG ÁTT norðanlands en suðlæg syðra. Fremur hæg í fyrstu en bætir í vind með kvöldinu. Víða vætusamt um allt land.

VEÐUR 4

Leita tveggja Íslendinga

Tveggja íslenskra kvenna er leitað í nágrenni New Orleans. Systa er 75 ára hjartveik kona sem hefur verið saknað síðan fellibylurinn Katrín reið yfir svæðið. Ekki hefur tekist að leita við heimili þeirra.

HAMFARIR Ekkert hefur enn heyrst frá Lilju Aðalbjörgu Ólafsdóttur Hansch, sem leitað hefur verið síðan fellibylurinn gekk yfir heimabæ hennar. Áður var talið að Lilja væri eini Íslendingurinn sem ekki var búið að ná í en nú hefur komið í ljós að 75 ára íslenskrar konu er einnig saknað.

Konan heitir Karly Jóna Kristjónsdóttir Legere og er kölluð Systa. Íslenskur frændi hennar hafði samband við utanríkisráðuneytið á laugardaginn og síðan þá hefur hennar verið leitað. Systa býr ásamt manni sínum, Robert Legere, í smábænum Diamond Head sem er um 75 km norðaustur af New Orleans og er hans og barnanna þeirra þriggja enn saknað. Systa á við hjartavandamál að stríða.

„Það hefur ekki fengist staðfest hvar þær eru niðurkomnar og við höfum verið að reyna að koma því til leiðar að einhver fari á heimili þeirra og kanni aðstæður þar,“ sagði Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri á almenningsskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Þegar blaðið fór í prentun hafði engum tekist að fara og kanna hvort konurnar tvær hefðust við á heimilum sínum því

samgöngurnar á svæðinu eru svo erfiðar.

Seint í gærkvöld var vonast til þess að íslensk kona, Dórey Jónsdóttir Harvey, færi og keyrði framhjá húsum kvennanna. Hún missti hús sitt og allar eigur í hamförnum. Ekki náðist í Dóreyju þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ekkert hefur enn frést af Lilju Aðalbjörgu Ólafsdóttur en maður hennar er að koma heim frá Japan, að sögn Helgu Hrnannar Ólafsdóttur, systur Lilju. Einnig ætlar bróðir þeirra að fara á hamfarasvæðið við annan mann ef Lilja verður enn ófundin á morgun.

Margir Íslendingar og aðrir velviljaðir leggja sitt af mörkum til að finna konurnar tvær. Einn af þeim heitir Frank Bocchino og býr í bænum Pensacola, sem er vestast í Flórídariki. „Ég er að leita að tveimur konum núna. Ég vonast til að fá fréttir af þeim í dag eða á morgun en það er ekki alveg víst vegna þess hvernig ástandið er,“ segir Frank. Hann nýtir sér sambönd við kunningja sína í lögreglunni í bænum Biloxi, en bærinn varð mjög illa úti í hamförnum. Hann segir algjört forgangsverkefni að finna Systu vegna hjartveikinda hennar. - at



MIKIL EYÐILEGGING Í NÁGRENNI NEW ORLEANS Hús og vegir eru mikið eyðilögð og gerir það björgunarmönnum mjög erfið fyrir. Ekki er vitað hvort hægt sé að komast heim til íslensku kvennanna sem nú er saknað.



BRUNI VIÐ FISKISLÓÐ Nokkrar skemmdir urðu á iðnaðarhúsnæði þegar það brann aðfaranótt sunnudags. Mikið var að gera hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær þegar það var kallað út í þrjá bruna í Reykjavík. Fyrst var tilkynnt um eld í Melabúðinni og nokkrum klukkutímum síðar fór allt tiltækt slökkvilið á Fiskislóð. Um hálfjöldeytið í gærkvöldi þurfti svo að slökkva eld á skemmtistaðnum Sirkus. - sjá síðu 4

Baugur eykur umsvif sín í Bretlandi:

Stofnar fasteignafélag

VIÐSKIPTI Breska dagblaðið Sunday Telegraph greindi í gær frá því að Baugur hefði stofnað fasteignafélag ásamt koska frumkvöðlinum Tom Hunter og breska stórbankanum HBOS. Félaginu, sem er með um fimm hundruð milljón-

ir punda í hlutfé, er ætlað að eignast breskar matvöruverslanir og húsnæði í verslunarmiðstöðvum. Baugur mun eignast um tíu prósent í fasteignafélaginu en hinir tveir aðilarnir rúmlega fjórutíu prósent. - hb

Áhugahópur um menningarhús á Álftanesi fær ekki leyfi til að byggja:

Forseti hafnar menningarhúsi

SKIPULAGSMÁL „Við höfum séð þessar hugmyndir og tillögur en nálægðin við forsetabústaðinn gerir það að verkum að ráðuneytið hefur ekki getað sætt sig við þær,“ segir Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, um tillögur áhugahóps á Álftanesi um byggingu menningarhúss í grennd við Bessastaði.


Áhugahópurinn lagði fram tillögur um að reist yrði menningarhús vestan við Bessastaði og leitaði sveitarfélagið eftir um-sögn forsetaembættisins og forsætisráðuneytisins. Niðurstaðan varð sú að vegna öryggissjónarmiða og nálægðar við Bessastaði væri ekki unnt að byggja menningarhúsið á þessum stað. Guðmundur G. Gunnarsson,



bæjarstjóri á Álftanesi, segir að reynt verði að finna menningarhúsinu annan stað. Niðurstaðan hafi hins vegar ekki komið honum á óvart. „Mér brá ekki og skil afstöðuna vel. Við verðum að lifa í sátt og samlyndi við forsetabústaðinn og því verðum við að taka þessu,“ segir hann.

Stefán Lárus Stefánsson forsetaritari segir að embættinu hafi fundist byggingin of stór og áberandi. „Það var hin efnislega niðurstaða okkar en öryggismál skipta einnig miklu máli,“ segir hann. - hb

BESSASTAÐIR Áhugahópur um menningarhús óskaði eftir að það yrði reist í nágrenni forsetabústaðarins. Forseti og forsætisráðuneyti gátu ekki sætt sig við það.



VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagar
Vlissingen / Holland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Hörður, áttu harða aðdáendur?

„Það eru mjúku mennirnir.“

Verið er að skipuleggja afmælistónleika fyrir Hörð Torfason söngvaskáld, sem varð sextugur í gær.

Bandarísk yfirvöld bregðast við vegna hamfara í Suðurríkjunum:

Óska liðsinnis frá ríkjum Evrópusambandsins

BANDARÍKIN, AP Hörmulegar afleiðingar fellibylsins Katrínar hafa leitt til mikillar samúðar annarra landa í heiminum, sem nú keppast við að bjóða fram aðstoð sína. Evrópulönd hafa brugðist skjótt við hjálparbeiðni frá Bandaríkjunum um að útvega fórnarlömbum fellibylsins alls kyns hjálpargögn eins og tankbílur til flutnings á drykkjarvatni, sjúkrakassa, matarbirgðir, teppi og gúmmibáta.

Á vegum Evrópusambandsins var í gær verið að skipuleggja ferðir með vörurnar eftir að stjórnvöld í Washington lögðu fram formlega hjálparbeiðni til Evrópuþjóðanna, en slíkar beiðnir eru afar sjaldgæfar.



Höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins höfðu einnig fengið beiðni frá Washington um að útvega aðstoð. Tilkytting kom frá Spáni, Belgíu, Bretlandi, Þýskalandi og Ítalíu um að hjálpargögn og sérfræðingar væru þegar á leiðinni vestur um haf. Auk þess hafa fjölmörg önnur lönd álfunnar boðið fram hjálpar, þar á meðal Ísland. Aðstoð Íslendinga var þó ekki þegin í bili.

- bog

FLOGIÐ MEÐ HJÁLARGÖGN Þyrla bandaríska flotans lyftir hlasi af hjálpargögnum til dreifingar á hamfararvæðinu í Suðurríkjunum.

Lögreglan í New Orleans:

Verktakar skotnir á brú

NEW ORLEANS Lögregla skaut átta menn á brú í New Orleans í gær, þar af fimm eða sex til bana, að sögn varalögreglustjóra. Talsmaður verkfræðingasveitar hersins sagði að hinir skotnu hefðu verið verktakar á leið að gera við skipaskurð.

Fyrir um daginn hafði Michael Chertoff, ráðherra heimavarna í alríkisstjórninni, tilkynnt að í samstilltu átaki hers, þjóðvarðliðs og lögreglu væri búið að koma aftur á lögum og reglu í borginni þar sem upplausnarástand ríkti í kjölfar fellibylsins. ■



UNGRÚ ENGLAND Hammasa Kohistani var krýnd á laugardaginn en stúlkan er fyrsti músliminn sem hlýtur titilinn.

Ungfrú England:

Fegurðin kom frá Úsbekistan

ENGLAND Hin nýja Ungfrú England, Hammasa Kohistani, er íslamstrúar og sú fyrsta af þeirri trú sem hlýtur titilinn. Kohistani, sem er átján ára, segir þetta sögulega stund og er að vonum ánægð með titilinn. Hún fæddist í Tashkent í Úsbekistan en foreldrar hennar eru flóttamenn frá Afganistan. „Þegar þau tilkynntu að ég hefði unnið hélt ég að mér hefði misheyrst. Ég vonaði að svo væri þó ekki en það tók mig smá stund að átta mig á þessu,“ sagði hún. ■

Búa þjóðina undir hið versta

Ráðherra í bandarísku alríkisstjórninni staðfesti í gær að mannfalið af völdum fellibylsins Katrínar og neyðarástandsins í kjölfarið væri mikið. Sennilega hefðu þúsundir farist, flestir í New Orleans.

BANDARÍKIN, AP Michael Leavitt, ráðherra heilbrigðis- og mannúðarmála í ríkisstjórn Bandaríkjanna, sagði í gær að nú væri reiknað með að þúsundir manna hefðu látið lífið af völdum fellibylsins Katrínar. Þetta var í fyrsta sinn sem talsmaður alríkisstjórnarinnar viðurkenndi opinberlega að manntjónið væri svona mikið.

Leavitt sagðist ekki geta tilgreint neina nákvæma tölu yfir fjölda látinna. En þegar hann var spurður í sjónvarpsviðtali hvort um þúsundir væri að ræða sagði hann: „Ég held að það blasi við að þetta séu þúsundir.“

Borgarstjóri New Orleans, Ray Nagin, sagði að sennilega hefðu þúsundir borgarbrúa farist, þegar tillit væri tekið til þess að íbúafjöldi borgarinnar var rúm hálf milljón, hve margir þeirra yfirgáfu hana áður en hamfarirnar dundu yfir og að töldum öllum þeim sem bjargað hefði verið úr neyðarskýlum.

„Þetta gefur okkur tölu á bilinu 50-60.000,“ sagði Nagin. „Reiknið þið sjálf, hvað haldið þið? Ætli fimm prósent af þessum fjölda hafi farist? Tíu prósent? Tuttugu prósent? Þetta verður há tala.“

Fyrir í gær hafði heimavarnaráðherrann Michael Chertoff neitað að tjá sig um hugsanlegt mannfalið, en viðurkenndi að óljós fjöldi fólks hefði orðið innlyksa á flóðasvæðunum og ekki átt neinn kost á að nálgast drykkjarvatn eða matvæli dögum saman.

„Ég er hræddur um að við verðum að búa þjóðina undir ófögur tíndi,“ sagði Chertoff. Þegar loks tekst að dæla burt flóðvatninu af götum New Orleans „munum við finna lík fólks á götum. ... Þetta verður ljót sjón,“ sagði hann.

Leavitt sagði að tilkynnt hefði verið um blóðkreppusóttartilfelli í Mississippi. Óttast er að farsóttir breiðist út vegna skorts á hreinu



BRÁÐABIRGÐAGRÖF Lík konu sem hafði legið dögum saman úti á götu í New Orleans var lagt í þessa bráðabirgðagröf.

drykkjarvatni á svæðinu, þar á meðal Vestur-Nílarveiru- og E.coli-bakteríusmit, en báðar geta verið banvænar.

Eftir harða gagnrýni vegna meints seinagangs í viðbrögðum við neyðarástandinu voru margir meðlimir alríkisstjórnarinnar mættir á svæðið í gær: Chertoff heimavarnaráðherra, Donald H. Rumsfeld varnarmálaráðherra, Richard Myers, forseti herráðsins, og Condoleezza Rice utanríkisráðherra, en hún er sjálf frá Alabama, sem einnig varð illa úti. Forsetahjónin George W. og Laura Bush heimsóttu aðgerðamiðstöð Rauða krossins.

audunn@frettabladid.is



„SKJÓL FRÁ VÍTI“ Þessi skilaboð skildi einhver þeirra þúsunda New Orleans-búa eftir sem leitaði skjóls í ráðstefnumiðstöð borgarinnar. Öllum hafði verið bjargað þaðan í gær.

Sjónvarpseinvígi Schröder og Merkel fyrir þýsku kosningarnar:

Kanslarinn hafði betur

ÞÝSKALAND Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Angela Merkel, kanslaraefni Kristilega demókrataflokkans (CDU), mættust í sjónvarpseinvígi í gærkvöld, eina slíka einvígina sem fram fer í kosningabaráttunni fyrir þýsku þingskosningarnar hinn 18. þessa mánaðar.

Efnahags- og skattamál voru í brennidepli umræðunnar í einvígínu. Samkvæmt bráðabirgðaráslitum viðhorfskönnunnar sem Forschungsgruppe Wahlen gerði fyrir sjónvarpsstöðina ZDF voru mun fleiri áhorfendur þeirrar skoðunar að Schröder hefði staðið sig betur. 46 prósent aðspurðra sögðu Schröder hafa haft betur en 27 prósent Merkel. Hins vegar kom fram í niðurstöðum könnunnarinnar að margir (47%) töldu Merkel hafa staðið sig betur en þeir bjuggust við fyrir fram.



TEKIST Á Í BEINNI Frá sjónvarpseinvígínu í gærkvöld, sem var hið eina sem fram fer fyrir kosningarnar 18. september.

Fylgi kristilegu flokkanna mælist nú í skoðanakönnunum vel yfir fjórutíu prósentustigum en fylgi Jafnaðarmannaflokks

Schröders rétt rúm þrjátíu prósent. Flest bendir því til að Merkel verði næsti kanslari Þýskalands.

- aa

Kortasalan stendur yfir!

Opíð kort

Gildir á fimm sýningar
Þegar löngunin grípur þig!
Verð: 10.500 kr.

Áskriftarkort á Stóra sviðið

Gildir á fimm sýningar
Þitt sæti!
Verð: 10.500 kr.

Áskriftarkort á minni sviðinu

Gildir á sex sýningar
Frábær kjör!
Verð: 10.500 kr.

www.leikhusid.is




Já er svarið

Nú hafa **Símaskráin, Simaskra.is, 118** og **1811** öðlast nýtt líf undir merkjum **Já**. Með því að reka þessa þjónustubætti sjálfstætt verður unnt að skerpa fókusinn auk þess að halda áfram að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í framtíðinni er svo stefnt á útvíkkun þjónustubátta þeirra er Já býður upp á og kynningu á nýrri þjónustu. Já er svarið.

118

simaskra.is

Já



CR-V

HONDA

The Power of Dreams

4x4xskólabíll



HER & NU / SIA

Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjippinn í sínum flokki (Edmunds.com)
Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
Fyrsti borgarjippinn til að fá 5 stjórnur í fram- og hliðarækstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

2.749.000 kr.

28.715 kr. á mánuði*

Komdu í Bernhard, Vatnagörðum
og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag honda.is



Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tækniþúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftþrúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikkvörn og loftþrúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stinga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.
Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** BÍll á mynd er CR-V Executive

5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPU FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar. Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

1. sæti:

Pioneer



PIONEER PDP-435FDE

- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dýlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 499.900 kr.

2. sæti:

LOEWE.



LOEWE Xelos A-26

- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dýlar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 219.900 kr.

3. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG PS-42 S4S

- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNle myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpminni
- Líftími 60.000 klst

Verð: 369.900 kr.

4. sæti:

annað merki

5. sæti:

annað merki

6. sæti:

LOEWE.



LOEWE Concept L-42

- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dýlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

Verð: 339.900 kr.

7. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG LW26A33

- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNle myndleiðrétting
- 200 textavarpminni

Verð: 199.900 kr.

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR - VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR



VERÐSPRENGJA FRÁ STUTTGART

Nokkrir nýir Mercedes Benz C-lína á alveg hreint hrikalega góðu verði. Um er að ræða nýja og óskráða bíla beint frá Mercedes-lager í Stuttgart.

Allir með Elegance eða Avantgarde útfærslum, flestir með Xenon ljósum, leðurinnréttingu, glertopplúgu, rafdrifnum sætum og álfelgum. Ábyrgð frá fyrsta skráningardegi til 2ja ára.



Mercedes-Benz

Þjónustuaðili
Mercedes Benz
á Íslandi
frá upphafi er

RÆSIR HF



MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

verðhrun á pastavörum

mánudagstilboðin



frábært með pastanu



25%

afsláttur
Nautahakk

verð frá

19 kr.

ótrúlegt verð!

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda aðeins mánudaginn 5. sept. meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

**ACER TravelMate 2313LCI**

1.5GHz Celeron M Centrino, 512MB vinnsluminni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Mirage skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro stýrikerfi á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 84.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 7.075 Í 12 MÁNUÐI

**ACER Aspire 3002WLMi**

1.6GHz Mobile AMD Sempron, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB Mirage skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 89.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 7.492 Í 12 MÁNUÐI

**MSI Megabook S260-1**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 12.1" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home, físlétt aðeins 1.8kg

VERÐ KR. 129.900

**MSI Megabook S260-2**

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 12.1" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro, físlétt aðeins 1.8kg

VERÐ KR. 149.900

**ACER Aspire 3613WLMi**

1.5GHz Celeron M Centrino, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 99.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 8.325 Í 12 MÁNUÐI

**ACER Aspire 3023WLMi**

1.8GHz Mobile AMD Sempron, 512MB minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 119.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 9.992 Í 12 MÁNUÐI

**ACER TravelMate 4101WLMi-2**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 109.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 9.158 Í 12 MÁNUÐI

**ACER TravelMate 4102WLMi**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 129.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 8.660 Í 15 MÁNUÐI

**ACER TravelMate 4152LMI**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 119.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 7.993 Í 15 MÁNUÐI

**ACER Aspire 5024WLMi**

1.8GHz AMD Turion64, 512MB DDR vinnsluminni, 80GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 134.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 8.993 Í 15 MÁNUÐI

**ACER Aspire 1801WSMI**

2.96GHz Intel P4 515, 512MB vinnsluminni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900
VAXTALAUST AÐEINS KR. 9.993 Í 15 MÁNUÐI

**DELL LATITUDE D510 - 2**

1.3GHz Celeron M Centrino, 512MB DDR2 minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 119.900

**ACER Aspire 1692WLMi**

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900

**ACER TravelMate 8103WLMi**

1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 199.900

**ACER Ferrari 05**

2.0GHz AMD Turion64, 1GB DDR vinnsluminni, 100GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 219.900

**DELL LATITUDE D510 - 1**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 139.900

MAR SAN ÖLL HELSTU MERK

acer

Gateway

DELL

hp
invent

IBM

MSI

SONY

**MSI Megabook M645-1**

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB GeForce Go 6600 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900**MSI Megabook M645-2**

2.03GHz Pentium M Dothan, 2GB vinnsluminni, 100GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB GeForce Go 6600 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 179.900**GATEWAY M360S**

1.4GHz Celeron M Centrino, 512MB vinnsluminni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15.4" WXGA skjár, 64MB Intel Extreme II skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 99.900**GATEWAY M360X**

1.7GHz Pentium M Dothan, 512MB minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB Intel Extreme II skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 119.900

INGAR

MAN

IN Í FERÐAVÉLUM

**GATEWAY M460X**

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 154.900**GATEWAY M680XL**

1.86GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 17" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 199.900**SONY Vaio F115B**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 159.900**SONY Vaio B3VP**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 14.1" WXGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900**DELL INSPIRON 6000 - 01**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X300, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900**IBM Thinkpad R52-01**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 129.900**HP Compaq NX6110-C**

1.4GHz Celeron M Centrino, 256MB vinnsluminni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 79.900**HP Compaq NX6110-D**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 104.900VAXTALAUST AÐEINS **KR. 8.742** Í 12 MÁNUÐI**DELL INSPIRON 6000 - 04**

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X300, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 179.900**IBM Thinkpad T52-02**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI X300 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 149.900**HP Compaq NX6110-3**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 129.900VAXTALAUST AÐEINS **KR. 10.825** Í 12 MÁNUÐI**HP Compaq NX6125-3**

1.8GHz AMD Turion64, 512MB vinnsluminni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" SXGA skjár, 128MB ATI X300 skjákort, þráðlaust netkort, fingrafaraskanni, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ KR. 124.900VAXTALAUST AÐEINS **KR. 10.408** Í 12 MÁNUÐI

TÖLVULISTINN

Fiskmarkaðurinn í Björgvin setur sterkan svip á þessa fornfrægu verslunarborg:

Sælkerar fá vatn í munninn á bryggjunni

Það er iðandi mannlíf á bryggjunni í Björgvin þó það sé árla sunnudagsmorguns. Þessi tvö hundruð þúsund manna borg á mikla og merka sögu að baki og var um langt skeið miðstöð Hansakaupmanna.

Verslun setur enn sterkan svip á Björgvin, ekki síst fiskmarkaðurinn við höfnina sem sumir segja að sé helsta prýði borgarinnar. Þar má festa kaup á fersku sjávarfangi alla daga vikunnar og þó blaðamanni sýnist hann geta fundið allt sem hugurinn gírnist eru fiskalarnir afsakandi yfir því sem þeir kalla „takmarkað úrval“,

það sé jú bara sunnudagsmorgunn. „Ef þú kemur aftur á mánudag verður úr meiru að móða,“ segir einn þeirra.

Fæstir myndu þó amast við hráefninu sem var á boðstólum þennan morguninn; nýveiddur skötuselur, bláskel, makrill, humar, síld og reykt hnísa svo fátt eitt sé nefnt. „Það jafnast fátt á við stemninguna sem fylgir því að ganga hér um síðdegis eftir vinnu og kaupa sér eitthvað gott í matinn,“ tjáir vegfarandi blaðamanni.

Fleiri geta fundið eitthvað við sitt hæfi á markaðnum en fiskætur því í seilingarfjarlægð bjóða

kaupmenn upp á alls kyns góðgæti, til dæmis reykt hrein-dýrapylsu og norska berjasultu. „Sumir sælkerar brynna músum þegar þeir smakka sultuna mína,“ segir einn kaupmaður kokkraustur. Honum finnst hins vegar ótrúlegt að heyra að á Íslandi fyrirfinnst ekki markaður sem þessi og spyr í forundran: „Eftir hverju bíðið þið?“

- bs

GÓMSÆTUR Skötuselurinn þykir jafn bragðgóður og hann er ófríður.



HALLBJÖRN HIJARTARSON Unnið er að viðgerð á Skagafjarðarsendi Kántrýútvarpsins.

Kántrýútvarpið:

Senn sent út í Skagafirði á ný

Nú er unnið að viðgerð á sendi Kántrýútvarps Hallbjörns Hjartarsonar í Skagafirði. Sendirinn hefur verið bilaður um nokkurt skeið, Skagafirðingum og ferðalöngum um fjörðinn fagra til nokkurs ama. Gott lag hefur hins vegar verið á útsendingum Kántrýútvarpsins í Húnavatnssýslunum og því hægt að stíga línudans á öllum tímum sólarhringsins á því svæði.

Fyrr í sumar hlaut Hallbjörn styrk frá menningarmálanefnd Höfðahrepps og sagðist hann í samtali við Fréttablaðið ætla að verja peningunum til lagfæringa á sendinum. Nú hillir undir að þeim ljúki.

Hallbjörn hefur haldið úti útvarpsstöð um langt árabil og margur ferðamaðurinn hefur það fyrir síð að stilla inn á útsendingarnar þegar ekið er um Húnavatnssýslurnar. Þættir Kúreka norðursins eru engu líkir, stíll hans er persónulegr en almennt gerist í útvarpi og nálægð hans við hlustendur mikil. Þá er hann iðinn við að senda vegfarendum hlýjar kveðjur og minna þá á að fara varlega í umferðinni. - bps



HÖFNIN Á HÖFN Bátarnir lágu bundnir við bryggju um helgina.

Hornfirskir trillukarlar:

Árshátíð á Írlandi

34 hornfirskir trillukarlar og makar þeirra gerðu sér gláðan dag á Írlandi um helgina og héldu þar árshátíð sína. Vefmiðillinn horn.is greinir frá því að þetta sé í þriðja sinn sem trillukarlar á Höfn í Hornafirði haldi utan til árshátíðarhalds, en áður hafa þeir farið til Skotlands og Danmerkur.

Von er á hópnun heim á morgun og mega þorskarlinn því fara að passa sig ný á miðvikudaginn.

- bps

ÁTTU ÞÚ UNGLING SEM ÞARF AÐ...

Saga Steinsen, 17 ára
Ég hafði litið sem ekkert sjálfstraust en eftir námskeiðið varð það margfalt meira. Í dag lit ég á sjálfa mig alveg eins og ég lit á aðra, með jákvæðari og opnum huga. Ég lærði að hlusta og virði skoðanir annarra. Nú horfi ég á björtu hliðarnar og lífið brosir við mér.

+ Dale Carnegie þjálfun fyrir unglinga

Næsta kynslóð er þjálfun sem er ætluð öllum unglingum sem hafa áhuga á að ná langt í lífinu.

+ www.naestakynslod.is

Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 eða 661 0998 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð.

+ Kynningarfundir:

Mánudag 5. sept. (14-17 ára, æskilegt að foreldrar mæti með)
Kl. 20.00 í Próttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst miðvikudaginn 7. september

+ Mánudag 19. sept. og fimmtudag 22. sept

(18-22 ára)
Kl. 20.00 í Próttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst 26. september

... vera einbeittari í námi?

... geta staðið sig vel í vinnu?

... vera jákvæðari?

... eiga auðveldara með að eignast vini?

... vera sáttari við sjálfan sig?



+ Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
REYKJAVÍK 6.22 13.26 20.29
AKUREYRI 6.01 13.11 20.18
Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 5. september,
248. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	10-11
Árborgir	16
Ás	41
Borgir	19
Búmenn	47
Búseti	38
Draumahús	25-32
Eignamiðlun Suðurn.	36
Eignastýring	39
Fasteign.is	33
Fasteignamiðlun	49
Fasteignamiðl. Grafarv.	48
Fasteignam. Hafnarfj.	44
Fasteignastofa Suðurn.	40
Fasteignastofan	43
Fyrirtækjasala Íslands	33
Gloria Casa	23
Hof	17
Hraunhamar	17
Húsalind	45
Húseign	35
Húsanaust	16
Höfði	37
Kjarni	48
Klettur	12-13
Lundur	46-47
Lyngvík	20
Lögmenn Suðurlands	40
Neteign	21
Nethús	42
Nýtt	22
Remax	18
Smárin	8-9
X-Hús	18

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 50

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki XX stk.

Keypt & selt XX stk.

Þjónusta XX stk.

Heilsa XX stk.

Skólar & námskeið XX stk.

Heimilið XX stk.

Tómstundir & ferðir XX stk.

Húsnæði XX stk.

Atvinna XX stk.

Tilkynningar XX stk.

**PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á vísir.is**

vísir

allt - fasteignir

hús a.fl.

Öryggiskröfur á svölum BLS. 2
Ráð frá Rakel BLS. 5

fasteignir

Búðargluggar við Laugaveg BLS. 24
Skemmtileg leiktæki BLS. 47

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er byggt árið 1979. Stutt er í skóla og alla almenna þjónustu.

Glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr

Fasteignasalan Nethús hefur til sölu glæsilegt 258,2 fermetra einbýlishús að Fjarðarási í Reykjavík.

Þessi skemmtilega eign er á tveimur hæðum og er neðri hæðin kjörin fyrir unglings eða annan heimilismann sem vill hafa næði í kringum sig. Á neðri hæðinni er forstofa með flisum á gólfi, teppalagt forstofuherbergi og rúmgott herbergi með gólfdukk. Þar er einnig snyrting og sturtuherbergi auk þvottahúss og geymslu. Úr geymslunni er innangengt í rúmgóðan bílskúr. Inni af forstofunni er hol og þaðan er gengið upp á efri hæðina.

Yfir stiganum er skemmtilegur þakgluggi sem gefur góða og fallega birtu. Á efri hæðinni eru aðalvistarverur

hússins. Stofan er björt og rúmgóð og þaðan er gengið út á suðvestursvalir. Bæði stofa og borðstofa eru með parketti á gólfi. Í eldhúsinu er falleg ljós innrétting og borðkrókur. Gengið er út úr eldhúsinu út á stóran sólpall. Á hæðinni er rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Öll herbergin eru parkettlögð og með góðu skáplássu. Badherbergið er flísalagt í hólf og gólf og þar er skemmtilegur þakgluggi.

Allar innihurðir og innréttingar í húsinu eru ljósar og fallegar. Húsið er allt afar bjart og glæsilegt og við það er fallegur garður. Staðsetningin er líka góð, stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og alla almenna þjónustu.

Ásett verð: 46,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

[HÚS - HEIMILI]

Mikið er að gera í smíði einingahúsa hjá fyrirtækinu Ágústi og Flosa á Ísafirði. Þar af eru fimm tvíbýlishús sem eiga að fara í Norðlingaholtið, hvert um sig 260 fermetrar að stærð. Fram undan er smíði þriggja sumarhúsa sem eiga að rísa á Vestfjörðum og væntanlega verða í smíðum þar tvö einbýlishús sem eiga að rísa í nágrenni byggðum Ísafjarðar.

Byrjað er að reisa burðarvirki kerskála álversins á Reyðarfirði. Þeir verða tveir, samtals um tveggja kílómetra langir og

fimmtán metra háir. Klæðning burðarvirkisins er áformuð í næsta mánuði. Nú eru um 570 starfsmenn við vinnu á

framkvæmdasvæði Fjarðaáls, þar af helmingurinn Íslendingar.

Sex íbúðir hafa verið seldar á Bolungarvík á samtals sjö milljónir króna, sem er rúmlega 15% af brunabótamati. Húsið er að Stigahlíð 4 og var byggt árið 1979. Íbúðirnar eru illa farnar. Þær eru á bilinu 54 til 65 fermetrar að stærð og hafa staðið lengi ónýttar.

fasteignir@frettabladid.is



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Betra loft

Opnaðu gluggann og loftaðu vel út áður en þú sýnr íbúðina þína mögulegum kaupendum. Fólk er að leita eftir þægilegu andrúmslofti og með þungu lofti gætir þú skemmt fyrir íbúðinni óávitandi.



FLÓRIDA - PARADÍS GÓLFARANS

Lúxus húsnæði til leigu/sölu við strendur Cocoa Beach. Griptu tækifærið á meðan dollarinn er í sögulegu lágmarki! Topp gólfvellir innan 30 mín. radíus! Öll húsnæði eru ný!
Upplýsingar í síma 862-2291 eða 001-321-868-5582
<http://www.funinthesunvacation.us>

	viku leiga	söluverð
Townhouse 3svenh/3baðh/sundlaug sirka 150 m ²	\$750.00	\$320.000
Condominium 3svefnh/3baðh/sundlaug sirka 200 m ²		\$499.000
Einbýlishús 4svefn/3baðh/sundlaug sirka 300 m ²		\$550.000




Höggborvél DWT
500 W, m/tösku og fylgihlutum
5245280

Höggborvél
á frábæru verði



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR
ÞÚ VILT FALLEGA VIÐHALDSFRÍA GLUGGA



+ engin málningavinna
hvorki fúí né ryð
frábær hita og hljóðeinangrun
fallegt útlit
margir opnunarmöguleikar
örugg vind og vatnsþétting

pgv
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJAN

PGV í Hafnarfirði
framleiðir hágæða
viðhaldsfría PVC-u glugga
á sambærilegu verði og glugga
sem þarfnast stöðugs viðhalds

plastgluggaverksmiðjan ehf. | bæjarhrauni 6 | 220 hafnafjörður | sími: 564 6080 | fax: 564 6081 | www.pgv.is



Svalahandrið þurfa að uppfylla kröfur um hæð og gerð.



Þegar unnið er á svölum er eins gott að handriðið sé nógu hátt.



Strangari reglur gilda um svalir sem eru hærrí en á annarri hæð.

Passaðu þig að detta ekki!

Strangar öryggiskröfur eru gerðar til svala á húsum. Svalariðið þarf að hafa tiltekna hæð og vera þannig úr garði gert að gestir í yngri kantinum geti ekki sveiflað sér yfir það.

Hver hefur ekki lent í því að standa á svölum og finnast svalariðið vera svo lágt að við óvænna hreyfingu gæti maður auðveldlega lent með hausinn í gangstéttinni fyrir neðan. Byggingafrúinn í Hafnarfirði svaraði spurningum blaðamanns um öryggi á svölum.

„Um veggsvalur gilda mjög

skýrar reglur,“ segir Kristján Þórarinnsson, fulltrúi byggingafrúans. „Allar kröfur varðandi burðarþol eru sjálfsgödur hlutur en öryggisþátturinn er helst varðandi handriðin sjálf.“ Miðað er við að handriðin séu einn metri á hæð í það minnsta og þegar komið er á þriðju hæð þurfa þau að vera 1,20 metrar. „Það þarf líka að vera klifurvörn á riðunum og þar mega til dæmis ekki vera láréttir rimlar svo krakkar geti klifrað upp þetta eins og stiga,“ segir Kristján. Láréttu rimlarnir mega þó vera í áttatíu sentímetra hæð og upp.

Þar sem sérstaklega stendur á má byggingafrúin setja strangari kröfur. „Við gerum alltaf sér-

stakar kröfur í skólum, til dæmis þurfa handriðin að vera öruggari á leiksvæði og göngum,“ segir Kristján. Því er ljóst að vel er fylgst með og nauðsynlegar kröfur gerðar þegar börn sem kannski gera sér ekki grein fyrir hættunni eru í kringum svalir.

Eftirlitið er einnig með húsum sem byggð voru á þeim tímum þegar reglurnar voru slakari. Kristján er ekki tilbúinn að útiloka að einhver hús uppfylli ekki öryggiskröfurnar. „Reglurnar gilda fyrir hús sem eru byggð núna. Svo gilda aðrar reglur um að þegar ráðist er í endurbætur á húsum þurfa húsin að uppfylla þessar kröfur.“ ■

VELFAC®

Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík
Sími 577 2050 · www.formaco.is



Veggjakrot er gott dæmi um skemmdarverk af mannavöldum.

Herör gegn skemmdarverkum

Breskir veggjakrotarar mega búast við því að málað verði yfir listaverk þeirra.

Breska stjórnin hefur heitið 1,2 milljónum punda til að aðstoða við endurbætur á húsum og öðrum mannvirkjum sem hafa orðið fyrir skemmdum af manna völdum. Upphæðin samsvarar um 135 milljónum íslenskra króna og er búið að velja 88 svæði sem deila upphæðinni á milli sín. Innaníkisráðherra landins gaf út þá yfirlýsingu í kjölfar peninga-

úthlutunarinnar að það væri fullkomlega óviðunandi að fólk geti tekið sér það bessaleyfi að skemma eigur annarra sér til skemmtunar.

Í fyrirhuguðum endurbótum fellst meðal annars að setja upp lýsingar og endurhanna svæði sem veggjakrotarar og aðrir skemmdarverkarmenn hafa sérstaklega tekið fyrir í því skyni að gera þau sýnilegri. Miklar vonir eru bundnar við þessar aðgerðir, sem jafnvel eiga eftir að draga úr öðrum glæpum.

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegji 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is





Stigar, allar gerðir Innihurðir Parket

Verkæðuþjónusta
Tilamiði og kökkun

Imex ehf.
Lyngháls 3
Árbæjarkvæfi
Sími 567 1300
www.imex.is



Vandaðir munir með verðuga fortíð

Antik fer aldrei úr tísku!

AMMA RUTH Skipasund 82, 104 Reykjavík – s. 552 6255
www.ammaruth.is • Opíð virka daga 14-18

TILBOÐSDAGAR

10 - 60% afsláttur

rúmfatnaður - handklæði - rúmteppi
gjafarvara - barnaefni 200 kr. meterinn

VERIÐ
Gættu, s. 552 0870
www.verid.is



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

GÍTARINN ehf.

Deildaleið 27 • 110 Reykjavík • Sími 552-2125 • gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is

MAPEX Trommusett
hi-hat & crash diskar, stóll, trommukjudoar

Félt verð: ~~Kr. 79.900~~

Tilboðsverð: ~~Kr. 59.900~~

Ofurtíðboð: **kr. 49.900**
Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gítar
Fúki, Silfna, Strojgjevit

kr. 10.900

Opíð, Mán.-Fös., kl. 10-18 / Lau., kl. 11-18

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
// EINN MÁNUÐUR FRÍTT
// SYN PLÚS FRÍTT
// 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT*
VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI

*Syn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Island

SYN
besta sætið

Leyfum plöntum að róta sig yfir veturinn

FNú er góður tími til að setja niður runna og kvisti. Bæði til að prýða garða og ker fram eftir hausti og einnig til að þeir fái tíma til að fóta sig fyrir næsta vor.

„Það er hægt að prýða mikið garða og kerin á haustin með allskyns skrautrunnum því þeir eru allir í pottum,“ segir Vernharður Gunnarsson garðyrkjufræðingur í gróðarstöðinni Stórði við Dalveg í Kópavogi. Hann segir skrúðgarðyrkjumenn og starfsmenn sveitarfélaga gera mikið að því að planta á þessum árstíma enda gefist það vel. „September er mjög góður tími til útpöntunar á flestum runnum og kvistum,“ segir hann og nefnir ýmsa kvisti og sígræn smátré svosem runnamuru, furu, japanskvisti og ýmsar grenitegundir. „Kosturinn við að setja þetta niður á haustin er sá að yfirleitt eru plönturnar á góðum kjörum og svo er yfirleitt engin hætt á ofþornun á þessum tíma. Rigningar eru tíðari þegar kominn er september og jörin er oft rakametnaðri þá en á vorin.“ Vernharður segir fólk farið að átta sig á þessu í æ meira mæli. Sérstaklega eigi það við um ýmsa sem eru að setja niður í sumarbústaðalóðir. „Frost er oft lengi að fara úr jörðu í kringum bústaðina og þá þarf það kannski að bíða fram í maílok eða júní með að setja niður en ef gróðursett er á haustin nær plantan að róta sig aðeins yfir veturinn og byrjar þá framfarir um leið og hitastigið er nægilegt á vorin,“ útskýrir hann.

gun@frettabladid.is



Runamuran er líka til í hvítum afbrigðum, bleikum og appelsínugulum.



Japanskvistir eru til í ótal afbrigðum. Sumir eru gulleitir á blöð og blómstra bleiku.



Hér er grænn japanskvistur með bleiku



Silfurfurkamburinn ber sig vel þótt kólni.



Runnamuran byrjar að blómstra í ágúst og stendur fram eftir öllu hausti.

Lýstu upp skammdegið

Ljósdióður njóta vaxandi vinsælda enda nota þær litla orku og endast lengi.

Ljósdióður verða sífellt vinsælli og menn spyrja sig hvort ljósdióðan muni leysa aðra orkugjafa af í framtíðinni. Ljósdióður eru raf-eindaeiningar eða hálfleiðarakubbar. Hitinn sem myndast leiðist burt um bakhluta ljósdióðanna, þær brenna ekki yfir en verða veikari með tímanum. Líftími þeirra getur verið frá 50 þúsund tímum og allt niður í 700 tíma. Helstu kostir ljósdióðanna er að þær starfa niður í mínus 30 gráður og hægt er að deyfa þær frá 0 og upp í 100 prósent. Þær eru fyr-

irferðalítar og nota lítið rafmagn. Þær hafa einnig langan líftíma sem þó er háður hitastigsbreytingum. Því er mikilvægt fyrir líftímann að við frágang á ljósdióðum sé hitinn sem kubburinn gefur frá sér leiddur burt eins fljótt og örugglega mögulegt er.

Ljósdióðurnar henta vel í innbyggða lýsingu eins og í húsgögn, í glerskápa og bókahillu og henta einnig vel til að lýsa upp garðinn í komandi skammdegi. Þær má nota sem leidarljós í tröppum, við stíga eða sem skrautlýsing á húsveggjum. Einnig er hægt að fella þær við veröndina og lýsa upp heita pottinn. Ljósinn hitna ekki og því hægt að ganga yfir þau án þess að brenna tærnar.



MYND/ADSENT

NÚ er rétti tíminn fyrir **TEMPUR**



Betra BAK



TEMPUR-PEDIC
Heilsunnar vegna

Tilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í september bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kotta á frábæru tilboði.

Yfir 30 þúsund lækna, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

- Heilsudýnur
- Heilsukoddar
- Sessur og bakstoðir



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM
VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG
SKJALFEST AF GEIMFERÐA-
STOFNUN BANDARÍKJANNA ◆

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 11-16



Sóleyjarimi 1-7 Grafarvogur

BREYTTAR ÍBÚÐIR... STÓRAR STOFUR



Íbúðirnar eru ætlaðar fyrir 50 ára og eldri. Stórglæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í fjögurra til sex hæða lyftuhúsum í afar fögru umhverfi þar sem mikil fjallasýn er, stutt í útveru, golf, verslanir og alla þjónustu. Íbúðirnar eru sérlega aðgengilegar og vel hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og inn-

an, en án gólfefna nema á baðherbergjum sem eru flísalögð og með hita í gólfum. Frábær staðsetning efst í Sóleyjarímanum. Söluaðili er tilbúinn að taka eignir kaupanda uppí sem hluta af greiðslu. Allar nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofum:

Hússins 533-4300 og Smárans 564-6655 fasteignasölu.

Einbýli

Snekkjuvogur - Rvík



Fallegt 2ja hæða 186 fm einbýlishús, ásamt 26,3 fm frístandandi bílskúr, samtals 212,3 fm + manngengt rislóft er yfir öllu húsinu (ath. ekki í FMR). Möguleiki á aukaíbúð m/sér-ingang í kjallara. Fallegur ræktaður garður m/gróðurhúsi og verönd. Góð eign við rólega götu á þessum eftirsóttasta stað. Stutt í alla þjónustu, verslun og skóla. V. 44,9 millj.

Rað- og parhús

Garðhús - Rvík



Glæsilegt og vandað í alla staði, 2ja hæða, 5 herb. 143 fm raðhús, ásamt 26,2 fm bílskúr á rólegum stað í Grafarvogi. Garður bæði í norður og suður. Gengið inn í húsið úr fallegum suðurgarði með hellulagðri verönd. Stutt í skóla, verslun, sund. V. 37,8 millj.

Höfðagrund - Akranes



Nýlegt parhús á Akranesi. Húsið er 3ja herb. 93,2 fm að stærð og er hannað með þarfar eldri borgara og er staðsett við hliðina á Höfða sem er elliheimilið. Húsið er tengt elliheimilinu með 4 öryggishnóppum og hafa eigendur aðgang að flestri þjónustu sem er í boði þar. Gólfefni íbúðar eru parket og flisar. Sólþallur með heitum potti, húsið stendur alveg við sjóin og er fallegt útsýni yfir Faxaflóann. Verð 22,9 m.

Stærri íb. og sérhæðir

Fellahvarf - Elliðaavatn



Vorum að fá á sölu nýl. glæsileg eign á þessum eftirsóknarverða stað. Íbúðin er 130 fm, 4-5 herb. Engu til sparað í innrétt. og gólfefnum. Rafmagnsknúin sólgugggjöld. Mikil skápláss. Keramik borðplötur í eldh. Baðkar og sturtuklefi. 20 fm svalir. Verð 32,2 millj.

4 herbergja

Flúðasel - Rvík



Vel skipulögð 4ra herbergja 111,7 fm íbúð á 2.hæð ásamt aukaherbergi í kjallara til útleigu (leigutekjur 25.000 pr.mán). Góð staðsetning, stutt í skóla, leikskóla og verslun. V.19,6 millj.



Stóragerði - Rvík Miðsvæðis í Reykjavík rúmgóða 4ra herb. íb. á 2. hæð í 4ra hæða fjölbýli. Nýlegt fallegt kirsuberjaviðareldhús. Húsið nýlega viðgert og málað og þak endurnýjað. Nýlega skipt um gler og gluggakarma. Stutt í Verslunarsk., Kringluna, grunnsk. og leiksk. Góð eign. Verð 19,3 m.

Kleifarsel - Rvík



Góð 3-4ra herb. 97,9 fm íbúð á 2 hæðum í fjölbýli. Góð staðsetn. og stutt í skóla, leiksk. og versl. Húsið var tekið í gegn og málað árið 2003. Falleg og gróin lóð er í kringum húsið og merkt bilast. fylgir íb.v. 22,8 millj.

Flétturimi - Rvík



Glæsileg og mikið endurnýjuð 109,3 fm, 4ra herb. íbúð á 1.-2.hæð, með lokuðu bílskúli m/þvottaadstöðu og dekkjageymslu. 3 rúmgóð svefn. þvottah. baðh. m/sturtu, björt stofa, eldhús m/borðkrók og fallegum flisum frá Álfaborg á gólf. Gegnheilt eikparket er á gólfum. V.21,4 millj.

Engjasel - Rvík



Falleg, opin 4 - 5 herbergja íbúð á 2. hæð með miklu útsýni og suðvestur svölum. 3 svefnherbergi, stofa og sjónvarpsstofa. Þvottahús innan íbúðar. Verð 19,4 millj.

3 herbergja

Laufengi - Grafarvogur



Falleg og björt 3ja herb, 83,4fm íbúð á 3ju hæð á þessum eftirsóttasta stað í Grafarvogi. Blokkin stendur neðst við götuna á rólegum stað þaðan sem er stutt í leiksvæði, allar gerðir skóla, Egilshöll, golf og Spöngina. V. 16,8 millj.

Gullengi - Rvík



Falleg 3ja herb, 84,8 fm íbúð á 1. hæð m/sér-ing. af svölum ásamt staði í opnu bílskúli, skjólgóðar vestur svalir. Fallegt umhverfi, stutt í Engjaskóla, Fjölbautaskóla, leiksvæði og Spöngina. Gróinn garður er á bak við húsið ásamt sparkvelli og leiksvæði. V.18,2 millj.

Torfufell - Rvk



Góð 3ja herb. 79 fm íbúð á 3 hæð. 2 svefnh. rúmgótt eldhús m/nýlegum innréttingum, baðh. m/baðkar, rúmgóð stofa m/útgengi á vestusvalir með útsýni. Stutt í allar gerðir skóla, íþróttir, sund og verslun. V.13,2 m.

Háberg - Rvík



Endaíbúð í 3ja hæða litlu fjölbýli með sér inngangi af svölum. Útsýni yfir Elliðaavatn. Fallegt nýlega endurnýjað baðherbergi með hornbaðkars- sturtuklefa m. gufu, nuddstútum og útvampi. Suður svalir eftir allri íbúðinni. Góðir skápar í herbergjum og á svefnherbergis gangi. Verð 17,2 millj.

Logafold - Rvík



Falleg 3ja herb. 99,3 fm íbúð á 2. hæð með fráb. útsýni yfir Grafarv. auk 24,3 fm bílskúli. Íb. skiptist í anddyri, hol, eldh., þv.h., borðst., stofu, 2 herb. og baðherb. Gólfefni eru parket og flisar. Fallegt útsýni og stutt í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. Verð. Tilboð!!!!

Hrísrími - Rvík



Falleg 3ja herb. 101,3 fm íbúð á 2. hæð með 24,9 fm staði í bílskúli, samtals 126,2 fm í góðu fjölb. í Grafarv. Glæsil. eldh. með sérl. fallegri Alno innrétt. og vönduðum tækjum, innbyggð uppþvottavél og isskápur fylgja með. Gott baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Flísalagt þvottahús innan íbúðar. Verð kr. 22,5 millj. EIGN SEM VERT ER AÐ SKODA!

2 herbergja

Kjartansgata - Rvík



Falleg og björt 2ja herb. íbúð á besta stað í Norðurmýrinni. Íbúðin skiptist í baðherb, gott sjónv.hol, eldh., rúmgótt sv.herb. og rúm. bjarta stofu. Flisar á eldh. og baðherb., gólf-fjalir í öðrum herb. sem setja mjög skemmtil. svip á íbúðina. Íbúðin getur verið laus við kaupmann. Verð kr. 13,8 millj.

Óskum eftir 4ra herbergja íbúð í Fossvogi eða Bústaðarhverfi fyrir ákveðinn kaupanda sem er búin að selja.

Upplýsingar veitir Kristinn á fasteignasölu Húsinu.

101 REYKJAVÍK

FASTAIGNASALA



María Haraldsdóttir
Sölustjóri
maria@101.is
Gsm 820 8103

Helgi J. Jónsson
Söluáður
helgi@101.is
Gsm 820 8104

Leifur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj./Sölum.
leifur@101.is
Gsm 820 8100

Sigtryggur Jónsson
Lögg. fasteignasali
sigtryggur@101.is
Gsm 863 2206

Hrafnhildur Guðmundsdóttir
